

Ástandsskýrsla

Íþróttamiðstöð
Langanesveur 18, Þórshöfn
Eig. Langanesbyggð



Verk nr. 0414b
Dags. Apríl - maí 2014



FAGLAUSN

RÁÐGJÖF - HÖNNUN - ÁÆTLANIR - VERKEFNASTJÓRNUN

Langanesbyggð

Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Ástandsmat:

Íþróttamiðstöð
Apríl 2014



FAGLAUSN

Efni:

Ástandsmat, Íþróttamiðstöð

Staðsetning:

Langanesvegur 18, 680 Þórshöfn

Eigendur / Umboðsmaður:

Langanesbyggð

Unnið af:

Faglausn ehf. Almar Eggertsson, byggingarfræðingur

Verkbeiðni:

Ólafur Steinarsson

Tengiliður:

Ólafur Steinarsson

Heimildir:

Sjónrænt mat / myndir.
Teikningar afhentar af byggingarfulltrúa Þingeyjarsýslu.
Fasteignamat ríkisins.
Ábendingar tengiliðs og starfsfólks.



Ástandsskýrsla

Efnisyfirlit.

Ástandsskýrsla.....	2
1 Almennt:.....	3
2 Uppbygging skýrslu:.....	3
3 Lýsing byggingahluta:.....	3
3.1 Lóð:.....	3
3.1.1 Ræktuð svæði:.....	4
3.1.2 Stéttir / stígar.....	4
3.1.3 Plön:.....	4
3.1.4 Aðgengi:.....	4
3.1.5 Jarðvatnslögn:.....	5
3.2 Lýsing byggingarhluta – að utan:.....	5
3.2.1 Veggir / klæðningar:.....	6
3.2.2 Þakviðir / burðarvik:.....	7
3.2.3 Steyptir veggir:.....	9
3.2.4 Kantar og áfellur:.....	10
3.2.5 Gluggar / hurðar:.....	12
3.2.6 Þakgluggar:.....	13
3.3 Lýsing byggingarhluta- að innan.....	14
3.3.1 jarðhæð:.....	14
3.3.2 Önnur hæð:.....	17
3.3.3 Íþróttasalur:.....	17
3.3.4 Sundlaug:.....	18
3.3.5 Kjallari:.....	23
3.4 Lagnir:.....	24
3.4.1 Hitun:.....	24
3.4.2 Neysluvatn:.....	25
3.4.3 Frárennsli:.....	25
3.4.4 Rafmagn:.....	25
3.4.5 Loftræsting:.....	26
3.4.6 Hollustuhættir.....	26
4 Samantekt:.....	27
4.1 Forgangsröðun verka:.....	27
Kostnaðaráætlun- Safnblað.....	
Kostnaðaráætlun- Sundurliðuð.....	
Teikningar- Aðaluppdráttur, afhentur frá byggingarfulltrúa.....	
Þjóðskrá Íslands- Heimildir.....	

1 Almennt:

Langanesvegur 18, íþróttamiðstöð Langanesbyggðar, byggt árið 1998. Um er að ræða 2107,6 m² íþróttamiðstöð, sambyggt hús með íþróttasal og sundlaug. Miðjukjarni hússins er steinsteyptur og skilur hann að sundlaug og íþróttasal. Í miðjukjarna er afgreiðsla, búningsklefar, matsalur, bókasafn og skrifstofur, auk geymslurýma og þjónusturýma fyrir sundlaug og íþróttasal. Húsið sameinar því margvíslega þjónustu fyrir Langanesbyggð. Steyptur miðjukjarni skilur að votrými (sundlaug) og önnur rými í húsinu.

2 Uppbygging skýrslu:


Skýrsla er byggð upp á þann hátt að eign er skipt niður í byggingarhluta. Hverjum hluta er lýst, þ.e. ástandi hans og hver viðhaldsþörfin er. Við þessa lýsingu fylgja gjarnan myndir til að betra sé að átta sig á um hvað er fjallað.

Síðast er svo tekinn saman kostnaður / heildarkostnaðaráætlun þar sem hægt er að fá yfirsýn yfir kostnað. Kostnaðaráætlun er byggð upp í sömu röð og skýrslan og eru liðir undir sömu númerum. Þannig er liður 1.0 í skýrslu númer 1.0 í kostnaðaráætlun.

3 Lýsing byggingahluta:

3.1 Lóð:

Lóð nær yfir öll svæði utanhúss. Aðkoma að íþróttamiðstöð er að vestan þar sem gengið er inn af bílastæðum. Bílastæði eru sameiginleg fyrir íþróttamiðstöð, félagsheimili og skóla. Lóð er frágengin að öllu leyti. Stærð lóðar er ekki skilgreind á vef Þjóðskrár Íslands.



3.1.1 Ræktuð svæði:

Ræktuð svæði eru að mestu leyti gras en þó er nokkuð um runna og beð, sunnan við hús og einnig á bílastæði. Ræktuðum svæðum er vel við haldið og verða því að teljast góð og eru ekki gerðar neinar athugasemdir vegna þeirra.

3.1.2 Stéttir / stígar

Hellulagðar stéttir og stígar eru sunnan og vestan við þar sem aðkoma er að húsinu, malarstígar eru norðan við hús og sunnan, þar sem tenging er til norðurs. Hellulagðar stéttir og stígar eru í góðu ásigkomulagi og er því ekki gerð nein athugasemd vegna þeirra. Malarstígar eru ágætir og er einungis um eðlilegt viðhald að ræða, kantskurður og malarburður þar sem möl hefur sparkast af stígum.

Hér undir verður einnig fjallað um skjólveggi en settir hafa verið skjólveggir að sunnan en hægt er að komast út á stétt frá sundlaug. Timburverönd þarf að lagfæra lítillega og mála.

Sundurliðun kostnaðarmats:

Viðhald á malarstígum.

Viðhald og málning á timbur skjólveggjum.

3.1.3 Plön:

Malbikuð bílplön eru vestan við hús, sameiginleg með félagsheimili og skóla. Plön eru vel við haldin og eru engar athugasemdir gerðar vegna þeirra.

3.1.4 Aðgengi:

Aðgengi er gott fyrir alla sem vilja nýta sér þá þjónustu sem í boði er. Frá bílastæði / gangstétt er engin hæðarmunur inn á gólf. Inni eru lyftur og hurðir nægilega breiðar. Þannig er hjólastólafært um alla bygginguna. Ekki eru rafmagnsopnanir á hurðum en frekar auðvelt er að opna þær.


Ekki eru gerðar athugasemdir vegna aðgengis.



3.1.5 Jarðvatnslögn:

Skv. teikningum er sýnd jarðvatnslögn við húsið. Skoðunarmaður ræddi við kunnuga heimamenn sem töldu það ólíklegt að þarna hafi verið gengið frá jarðvatnslögn þar sem það einfaldlega tíðkaðist ekki á þessum tíma. Við mat þetta er gengið út frá teikningum og að það sé jarðvatnslögn.

Mynd hér til hliðar er af teikningu nr. 96-128 þar sem vísað er til jarðvatnslagnar (drenlögn).



Lagt er til að málið verði skoðað og gerðar prufuholur við húsið á a.m.k. 4 stöðum til að ganga úr skugga um hvort að gengið hafi verið frá jarðvatnslögn við húsið.

Komi í ljós að ekki hafi verið gengið frá jarðvatnslögn má hæglega gera ráð fyrir umtalsverðum kostnaði sem skiptist í tvo megin flokka.

1. Jarðvinnu, gröft, fyllingar og frágang s.s. þökulagnir.
2. Jarðvatnslögn, einangrun sökkla.

Kostnaður, komi í ljós að ekki sé jarðvatnslögn getur því hæglega verið $1 = 1.400.000 + 2 = 900.000$ eða rétt um 2,5 miljónir króna

Sundurliðun kostnaðarmats:

Gera prufuholur við hús + frágangur á holum.

3.2 Lýsing byggingarluta – að utan:



3.2.1 Veggir / klæðningar:

Húsið er bogahús þannig að veggir og þak er sami byggingarhlutinn. Eins og sjá má á mynd hér að ofan er um marga byggingarhluta að ræða og þar af leiðir margar samsetningar. Þar sem sundlaug er staðsett er þexi gler í hluta þaks / veggjar. Húsið er klætt með kantstáli. Klæðningarnar sjálfar eru í ágætis lagi en farið er að sjá á við samsetningar. Mikill leki er víða um bygginguna en mest ber á honum við þakglugga og niður með burðarbitum (límtrésbitum).

Þexi gler er á austurhluta veggjar / þaks við sundlaug.

Þexi gler er klætt beint á timbur langbönd og er engin önnur einangrun á milli inni og úti þar.



Mikil ummerki um myglu eru á tréverki innan við þexi gler. Einnig er mikill raki milli laga í þexi gleri.



Viðá er tæring þar sem samsetningar byggingarhluta er, s.s. stál-áfellur að steini og einnig þar sem spennunumur er á misjöfnum málmum. Klæðningar eru almennt í ágætis ásigkomulagi. Gera má ráð fyrir að klæðningar endist í 30 ár og eru því nú liðin rétt um helmingur af þeim tíma. Ég tel það ólíklegt að klæðningar endist svo lengi miðað við núverandi ástand, sem er þó verst á áfellum þar sem byggingarhlutar mætast.




Hanna þarf byggingarhluta að nýju, þ.e. þar sem nú er pexi gler. Fjarlægja skal allt pexi gler og tréverk þar fyrir innan og setja nýtt í staðinn. Um er að ræða byggingarhlutann frá innstu klæðningu að ystu. Fara þarf yfir allar samsetningar byggingarhluta (gerð grein fyrir í lið nr. 3.2.4) og gera þannig við að viðgerð endist næstu 15 árin en þá skal gera ráð fyrir mikilli endurnýjun á klæðningum, öðrum en þar sem nú er pexi gler.

Sundurliðun kostnaðarmats:

- Lagfæra smávægilegar skemmdir á kantstáli.
- Yfirfara allar samsetningar byggingarhluta m.t.t. klæðninga.
- Lagfæringar á klæðningum við samsetningar byggingarhluta.
- Fjarlægja pexi gler.
- Fjarlægja tréverk, langbönd undir pexi gleri.
- Byggja upp þak / vegg.
- Klæðning að utan.

3.2.2 Þakviðir / burðarvik:

Húsið er byggt sem bogahús og burðarvirki hússins er boga-límtrésbitar. Séð innanfrá kemur innra stál sem gengur yfir burðarbita og er því fest ofan á þá. Á milli burðarbita, fyrir ofan innra-stál er sýndur z-prófill, þakstál er fest á z-prófil. Ekki er sýnt fast undir þak undir stáli. Milli langbanda er einangrun en þar fyrir innan er sýnt rekavarnarlag. Loftræsting myndi vera að neðan, inn undir hábáru og svo virðist sem eina





leiðin fyrir loft sé út hinumegin, en þá þá þarf loft að ferðast um allan bogann til að hreyfing geti verið á lofti undir stáli. Á þaki eru þakgluggar, staðsettir við mæni.

Vatn hefur lekið inn frá upphafi eða frá því að hús var tekið í notkun. Vatn lekur að mestu inn með burðarbitum. Á mynd til hliðar má sjá hvernig vatn hefur lekið inn með burðarbita og skemmt loft í bókasafni.

Einnig lekur inn með þakgluggum. Að sögn umsjónarmanns lekur mest eftir veðurbreytingar og þá eftir frostkafla. Vatn lekur inn með þakgluggum og hurð í matsal og lekur þar inn við rigningar, hláku o.þ.h.



Ekki er hægt að segja til um hvað veldur á þessu stigi en líklega er um nokkra samverkandi þætti að ræða. Eftir skoðun er sett spurningarmerki við neðangreinda þætti sem allri geta haft áhrif / samverkandi á að vatn lekur inn.

- Ónæg loftræsting milli einangrunar og þakstáls. Allt of löng leið fyrir loft að fara.
- Rakavarnarlag getur verið óþétt (þar sem vatn lekur inn er rakavarnarlag óþétt).
- Ónæg loftræsting inni, getur verið mettað, rakt loft.
- Frágangur við þakglugga. Rífa þarf frá glugga og endurbæta.


Sé um óþéttleika á ystu stálklæðningu að ræða væri líklegt að vatn kæmi inn hér og þar en ekki svona bundið við burðarbita. Rakt inniloft getur komist upp í einangraðan byggingarhluta. Við meiri kulda sem verður ofar í einangrun þéttir rakt loft sig og verður að bleytu. Þessi bleyta getur frosið, sé veður þannig og komið svo niður þegar hlýnar í veðri.

Ekki er vitað um hvernig ástand einangrunar í þaki er, en hafi vatn lekið svo lengi er líklegt að einangrun sé blaut og því þarf að skipta um hana þar. Ekki verður gert ráð fyrir slíkri vinnu í mati þessu en engu að síður bent á það.

Lagt er til að loftræsting verði löguð þannig að loftflæði verði óhikað fyrir ofan einangrun. Það er hægt að gera með því að setja t.d. lofttúður á mæni. Til að þetta rakavarnarlag tel ég að eina leiðin sé að gera það neðan frá, neðan í núverandi innri klæðningu og þá þarf einnig að setja nýtt loftaefni. Ekki verður gert ráð fyrir því að svo stöddu en bent á að líklega sé rakavarnarlag óþétt og þá þarf að fara í lagfæringar á því. Loftræstingu í sal þarf að laga og gert ráð fyrir því undir lið nr. 3.4.5 Loftræsting.

Við þakglugga þarf að rífa allar klæðningar og yfirfara samsetningar, áfellur og annað sem þéttir á milli byggingarluta. Ganga þarf frá við glugga að nýju. Til að byrja með er lagt til að loftræsting að utan verði gerð fullnægjandi og leki við þakglugga lagfærður þar sem sennilega er um óþéttleika að ræða þar.

Á mynd til hliðar má sjá frágang á þakglugga, af teikningu nr. 96.128-112



Sundurliðun kostnaðarmats:

Lofttúður á þak / mæni c/c 1500mm.

Greiningarvinna. Ástand byggingarluta, rif, skoðun , frág. Og samant.

3.2.3 Steyptir veggir:

Steyptir veggir eru að austan og sunnan, er þá átt við aðra veggi en sökkla. Steyptir veggir eru einangraðir að innan en málaðir að utan. Að sunnan er hluti af steyptum kjallara látinn ganga út fyrir þakflöt og eru því settar svalir við jarðhæð. Fyrir neðan er inngangur í kjallara. Mikill snjór safnast saman á svölum en snjór af þaki safnast þar saman. Þegar snjór bráðnar getur myndast töluverður vatnseigur sem svo leitar inn.

Vatn og klaki hefur skemmt svalir en í upphafi hefur vatn komist í steypu og skemmt yfirborð. Erfitt hefur reynst að gera við svalir eftir það.

Gengið er út á svalir frá matsal á jarðhæð. Mikið vatn hefur flætt þar inn við viss veðurskilyrði s.s. hlákur og rigningar ekki er vitað hvar vatn kemur nákvæmlega inn.

Á mynd til hliðar má sjá hvernig yfirborð svala er farið.



Til að komast í veg fyrir leka þarf að endurhanna byggingarluta og svo endurvinnna í kjölfarið. Ekki verður hægt að sundurgreina verkþætti frekar á þessu stigi.

Miklar steypuskemmdir eru á kjallaraveggjum undir svölum. Má þar nefna miklar sprungur og brotna múrhúð s.s. við hurðir. Vatn lekur m.a. inn í forstofu í kjallara og eru miklar rakaskemmdir í lofti þar.

Á myndunum hér til hliðar má sjá skemmdir í rými undir svölum.



Steyptir veggir að sunnan eru ekki til jafn mikilla vandræða hvað leka varðar. Sameiginlegar eru þó steypuskemmdir að utan og lélegur frágangur á milli byggingarluta.

Gera þarf við steypuskemmdir á veggjum en ennfremur þarf að gera við leka á svölum bæði niður og inn í matsal. Mikilvægt er að endurhanna byggingarluta og samsetningar áður er farið verður í verklegar framkvæmdir.



Því mun ekki liggja fyrir lausn á vandanum hér, önnur en að endurhanna byggingarluta.

Sundurliðun kostnaðarmats:

Endurhönnun á steypum byggingarlutum og samsetningum.

Niðurrif ýmis.

Uppbygging.

3.2.4 Kantar og áfellur:

Um er að ræða frágang milli byggingarluta s.s klæðningar og glugga. Gengið er frá milli byggingarluta að utan með áfellum eða beygðu, þunnu stáli, til að loka fyrir að vatn / snjór komist inn í byggingarluta. Það þarf alltaf að hafa varan á þegar að tvö efni koma saman, því að tæring getur orðið við samsetningu sem er ekki annarsstaðar.



Gott dæmi um það er við inngang þar sem slett klæðning á bogum kemur að steiptum hellum. Klæðningar eru ónýtar þar sem hellur koma að. Almennt séð er allur frágangur lélegur og illa frá köntum og samsetningum gengið. Bæði óvönduð vinna og vitlaust valin efni sem og hönnun ekki í samræmi við aðstæður. Má þar nefna aðfellur við utanvert sundlaugarrými, þar sem pexi gler kemur niður að blikkkanti. Við þessa samsetningu er mikill raki og mygla farin gera vart við sig sem og málmur farinn að tærast. Þarna hefur verið þétt með kíttili til að stöðva leka.



Að sunnanverðu eru víða málm-aðfellur að steini. Málamar eru farnir að tærast og eru samsetningar víða þannig að vatn getur setið í kverkum í lengri tíma og skemmt þannig út frá sér eins dæmi á myndum sýna.



Tæringar eru mest áberandi eins og segir í upphafi, þar sem tveir byggingarhlutar koma að hvor öðrum s.s. steinn og málmur eða misjafnir málamar.

Á myndinni til hliðar má sjá dæmi um hvernig áfellur tærast, misjöfn efni og málmar.

Skemmdir af þessum völdum eru komnar á það stig að ekki má bíða lengur með að lagfæra. Mikilvægt er að allar samsetningar verði hannaðar að nýju þannig að tæring verði stöðvuð og samsetningar gerðar þéttar.

Sundurliðun kostnaðarmats:

Hönnun á samsetningum skv. núverandi teikningum.

Rif á aðfellum / málmklæðningum.

Nýjar aðfellur með tilheyrandi þéttingum.



3.2.5 Gluggar / hurðar:



Gluggar og hurðir eru úr áli að undanskildri hurð til norðurs sem hefur líklega verið sett til bráðabirgða.

Gluggar og hurðir eru u.þ.b. 25 ára og því er líftími glers talinn og rétt að gera ráð fyrir glerskiptum.

Þar sem stór hluti glers er í sundlaugarrými er mælt með því að þar verði sett vel einangrandi gler þar sem hiti er mikill í sundlaug.



Mikið vatn lekur inn með gluggastykki við svalir á matsal. Taka þarf þak-gluggastykki frá, laga þéttingar og setja stykki í að nýju.

Sundurliðun kostnaðarmats:

Taka gler úr gluggum og hurðum.

Nýtt gler í glæugga og hurðir.

Einangrunargler U=1,1.

Ný hurð að norðan (tvöföld, flekahurð).

Taka niður gluggastykki við svalir.

Laga þéttingar og setja gluggastykki í að nýju.




3.2.6 Þakgluggar:

Þakgluggar setja mikinn svip á bygginguna. Þakgluggar eru þríhyrningslaga og standa nokkuð upp úr þaki. Rafmagnsopnun er á opnanlegum fögum. Gluggarnir eru yfir sal og einn stór yfir öllu sundlaugarrými.



Vatn hefur lekið inn með gluggum frá upphafi en ekki hefur fundist ástæða fyrir því enn. Lagt er til að klæðningar og áfellur verði rifnar frá gluggum og áfellur / þéttingar hannaðar og smíðaðar að nýju og þannig gengið frá við glugga.

Gler er jafngamalt í þakgluggum og öðrum gluggum og verður því gert ráð fyrir að sett verði nýtt gler í þá.



Á mynd til hliðar má sjá frágang á þakglugga, af teikningu nr. 96.128-112.

Sundurliðun kostnaðarmats:

- Taka gler úr gluggum
- Nýtt gler í glugga, einangrunargler U=1,1.
- Rífa frá gluggum.
- Aðfellur.
- Frágangur við glugga.

3.3 Lýsing byggingarluta- að innan

3.3.1 jarðhæð:

3.3.1.1 Móttaka / opin rými:

Gengið er inn um aðalinngang og er þá komið í afgreiðslu. Búningsklefar eru í kjallara og er gengið þaðan í íþróttasal og sundlaug. Á jarðhæð er afgreiðsla, eldhús, þreksalur og snyrtingar. Einnig eru stigar á milli hæða og lyfta.

Gólf eru flísalögð, veggir málaður steinn og innhlið á burðarplötum í þaki. Stigi niður í kjallara er steypdur en stigi á 2. hæð er úr lökkuðu stáli. Límtrésbitar (burðarbitar) ganga heilir í gegnum hús, hvort sem um ræðir gólf eða vegg.

Víða er ekki gert ráð fyrir rýmindum þannig að tré geti verið á hreyfingu. Fyrir vikið eru lausar gólfplísar og brotið úr veggjum þar sem bitar ganga í gegn. Mikill vatnsleki er með burðarbitum og eykur það enn á hreyfingu þeirra. (Gerð er grein fyrir vatnsleka undir lið nr. 3.2.2).

Ástand er almennt gott og ekki er að sjá annað en að almennu viðhaldi hafi verið sinnt ágætlega. Losa þarf upp lausar flísar og festa að nýju, einnig er lagt til að steypdir veggir verði málaðir.



Sundurliðun kostnaðarmats:

Viðgerðir á flísalögðum gólfum.

Málning – Steypdir veggir + viðgerðir.

3.3.1.2 Ræsting, Snyrtingar, Þreksalur:

Snyrtingar, eru tvær á hæðinni. Ekki er gerð nein athugasemd vegna þeirra þar sem ástand innréttinga er gott. Sérsnyrting er fyrir fatlaða sem notuð er sem geymsla, lagt er til að dót verði tekið úr snyrtingu og hún höfð sem snyrting fyrir fatlaða.

Ræsting er lítið rými við hliðina á lyftu. Ræsting er snyrtileg og vel um gengin. Engar athugasemdir gerðar.



Þreksalur er vel tækjum búin og snyrtilegur. Á gólfum er parket og eru veggir málaðir. Engar athugasemdir gerðar vegna þreksalar.



3.3.1.3 Eldhús:

Eldhús er vel tækjum búið. Í miðju er staðsett eldavél, panna og ofnar og fyrir ofan það er háfur / gufugleypir. Innréttingar eru að mestu leyti úr ryðfríu stáli en hluti bekkja er úr plastlögðum bekkplötum.



Á gólfum er línólíum gólfdukur, orðin frekar lélegur og farin að losna víða frá steini. Á mynd á að sjást hvernig dúkur er farin að bóligna upp / losna frá steini.

Eitt gólfniðurfall er í gólfi. Veggir og loft er málaður steinn. Í Eldhúsi er flúr lýsing, hillur hafa verið settar eftir þörfum þar sem pláss er fyrir þær.

Setja þarf nýtt gólfefni þar sem núverandi dúkur er farin að losna, bæði á gólfi og á sökklum innréttingar (þar sem eru tré sökkklar). Samhliða þessarar vinnu er lagt til að timburinnréttingum verði skipt út í stað fyrir ryðfrítt stál. Fjarlægja þarf allar innréttingar af gólfi til að vinna geti farið fram. Lagt er til að sett verði epoxy efni á gólf. Framkvæmdir í eldhúsi eru ekki aðkallandi en þegar dúkur er farin að losna o.fl. að þá er ráðlagt að fara að huga að endurbótum áður en bitinn verður og stór.



Sundurliðun kostnaðarmats:

- Taka niður tréinnréttingar.
- Fjarlægja aðrar innréttingar af gólfi.
- Hreinsa dúk af gólfi.
- Nýtt gólfefni (Epoxy).
- Nýjar stálinnréttingar (bekkir með skúffum).
- Innréttingum komið fyrir að nýju.

3.3.1.4 Matsalur:

Matsalur er á milli aðskiljandi veggja í miðjukjarna og við útvegg. Hægt er að ganga út á svalir frá matsal. Á gólfum eru flísar en veggir eru málaður steinn, loft eru klædd með hljóðeinangrandi / hljóðdempandi plötum.

Vatn lekur inn með burðarbíta og einnig inn með svalahurð / gluggastykki. (Gerð er grein fyrir vatnsleka undir lið nr. 3.2.2 og 3.2.5).

Engar athugasemdir eru gerðar í matsal, aðrar en þær er varða vatnsleka.

3.3.2 Önnur hæð:

3.3.2.1 Bókasafn:

Þegar gengið er upp stiga er komið á pall þar sem gengið er inn á bókasafn, skrifstofu eða gang. Gólf eru parketlögð og veggir málaðir, loft eru innhlið á burðarplötum. Á bókasafni er farið upp á loft þar sem loftræsting er inn og út sog. Bókasafn er almennt í góðu ásigkomulagi og ekki eru gerðar athugasemdir vegna þess. Tekið skal fram að leki með burðarbitum er einnig inn á bókasafni og eru greinilegar rakaskemmdir í lofti við límtrésbita í rými innst í bókasafni.

Gera þarf við rakaskemmdir í lofti, (eftir að komist hefur verið fyrir leka með burðarbita).

Sundurliðun kostnaðarmats:

Viðgerð á lofti.

Málning á veggjum / lofti bókasafns.

3.3.2.2 Skrifstofur:

Farið var inn í tvær skrifstofur við skoðun. Þegar komið var inn var þungt loft. Innblástur er í skrifstofur en ekki útsog. Gluggar snúa að sundlaug og er því ekki hægt að opna út. Einhver vinna hefur átt sér stað við milliveggi og þarf því að klára þá vinnu og mála skrifstofur. Koma þarf loftræstingu í það lag að nægt loftstreymi sé inn, þó að hurð sé lokuð. Ath. að fjallað verður um loftræstingu undir lið nr. 3.3.2.5

Sundurliðun kostnaðarmats:

Málning, endurmálun, sléttir veggir.

3.3.3 Íþróttasalur:

Gólf er hefðbundið, innanverðir útveggir eru steiptir u.þ.b. 1,6 m upp en þá tekur við innhlið á burðarplötum í þaki. Stafnveggur til norðurs er klæddur með kantstáli. Veggur við miðjukjarna er steiptur. Lýsing í sal er falin u.þ.b. 3 m frá gólfi og er lýsing upp að burðarplötum í þaki. Engin loftræsting er í sal en hitun salar fer fram með vatnshitablásara og með lýsingu.

Gerð er athugasemd við hitun, lýsingu og loftræstingu. Annað er ekki gerð athugasemd við. Hitun salar fer þannig fram að hiti frá falinni lýsingu er notaður ásamt vatnshitablásara. Lýsing er upp á móti þaki og því varma beint að þaki. Hafi hitunarpörf verið reiknuð W/m² hlýtur að vera um töliverða orku sem þarna er beint að þaki. Þak er einangrandi byggingarhluti sem aðskilur +20°/-10°. Ég fer ekki nánar út í þetta en geri athugasemd og legg til að salur verði upphitaður á annan hátt.

Engin vélræn loftræsting er í sal. Ekki verður farið frekari orðum um það en lagt er til að hönnuð verði loftræsting í sal en samhliða því er hægt að kasta inn heitu lofti til kyndingar.



Lagt er til að lýsing verði aflögð í þeirri mynd sem hún er núna og að sett verði hefðbundin lýsing í loft sem lýsir niður. Þá er einnig lagt til að kastað verði inn upphituðu loft sem er m.a. hitað upp með lofti sem dregið er út. Með þessum aðgerðum ætti að vera hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir, ásamt því að inniloft mun verða mun betra. Einnig mun þessi aðgerð hafa jákvæð áhrif á rakapéttingu í einangruðum byggingarhlutum, s.s. þaki.



Sundurliðun kostnaðarmats:

Loftræstikerfi m. hituðu lofti, heild.

Núverandi lýsing fjarlægð.

Ný lýsing.

3.3.4 Sundlaug:

Gengið er að sundlaug frá kjallara en gólf við sundlaug er einhverju ofar, u.þ.b. 1,5 m. Það þýðir að sundlaugarbotn er nálægt því að vera í sömu hæð og gólf í kjallara. Gengið er upp skábraut eða tröppur til að komast að sundlaug, heitum potti eða eimbaði. Gólf á skábraut er hellulagt. Gólf við sundlaug er með álögðu gúmmí / korkefni. Veggir / loft eru eins og annarstaðar, innhlið á berandi plötum í þaki. Í u.þ.b. helming er pexi gler klætt beint á langbönd sem eru á milli burðarbita. Steyptir veggir eru að hluta. Við tröppur og svalir eru stál handrið, máluð hvít. Efst í þaki er þakgluggi með rafmagnsopnun til að loftræsta.



Mikill raki er í sundlaugarrými en það er það fyrsta sem vekur athygli þegar skoðun fór fram. Vegna raka er tæring mikil á stáli og öðru þess háttar, á öllu tréverki ber á myglu, mest í kverkum. Við innöndun þarna inni má greinilega merkja að ekki er gott að dvelja þarna lengi.

Veggi þarf að mála / meðhöndla yfirborð þar sem það á við eða á steyptum flötum. Pexi gler þarf að fjarlægja (nefnt undir lið nr. 3.2.1). Fjarlægja þarf allt timbur, þ.e. langbönd. Hreinsa þarf burðarbita og meðhöndla með olíum eða öðru þess háttar. Ekki er vitað um ástand einangrunar í öðrum hlutum þaks / veggja (sjá nánar undir lið nr. 3.2.2).



Korkefni á gólfum er víða skemmt og hefur verið gert við það á köflum. Fjarlægja þarf allt efni af gólfum og setja nýtt gólfefni. Velja skal efni sem auðvelt er að þrifa, efni þar sem líf þrífst ekki.

Allt stál, þ.e. handrið og stiga þarf að taka niður, hreinsa og láta yfirborðsmeðhöndla s.s. heitgalvanhúðun. Útbúa skal þannig samsetningar að ekki þurfi að skerða húð við enduruppsetningu.

Í kjallara er tæknirými fyrir sundlaug og er þar m.a. næturhitun á vatni og annar stjórnbúnaður fyrir sundlaug, s.s. blöndun o.fl. Næturkútur er ónýtur vegna tæringar og er því vatn í sundlaug hitað á daggjaldi.

Við skoðun dags 19.04.2014 kom í ljós að heitir pottar höfðu verið fjarlægðir. Í ljós kom þá m.a. sprunga í jöfnunartank. Ekki verður farið nánar út í framkvæmd þessa hér en hún gefur glögga mynd af ástandi við sundlaug.

3.3.4.1 Gólf:

Á gólfum er korkefni, lagt heilt á stein. Korkurinn hefur verið að losna frá steini og hefur verið gert við það á nokkrum stöðum. Korkefni er einnig gljúpt efni og því ákjósanlegur bústaður fyrir hinar ýmsu lífverur sem ekki eru æskilegar. Ótvíræðir kostir eru hvað mjúkt er að ganga á gólfum við sundlaug og einnig er mikið öryggi ef til fallslysa kemur. Ljóst er að gólfefni þar þarf að laga / endurnýja. Lagt er til að sett verði nýtt gólfefni s.s. stamar flísar eða epoxy. Efni þarf að vera nægjanlega lokað þannig að vatn komist ekki undir og skemmi þannig viðloðun við stein.



Sundurliðun kostnaðarmats:

Fjarlægja kork af gólfum og hreinsa gólf.
Nýtt gólfefni s.s. stamar flísar.

3.3.4.2 Veggir og klæðningar:

Veggir og klæðningar skiptist í 3 flokka.

- Steyptir og málaðir veggir.
- Innhlið á berandi plötum milli burðarbita.
- Pexi gler, fest á timbur leiðara.

Steyptir veggir eru málaðir og er ástand þeirra gott eftir atvikum. Steypa er sprungin víða við samsetningar mismunandi byggingarefna; má þar nefna sprungur við límtré og í svalagólfi við hurð til austurs. Mikill raki er inni í sundlaug, en ber timbur þess greinilega merki. Gera þarf við skemmdir og mála stein.

Þar sem um er að ræða innhlið á berandi plötum er hefðbundin byggingarhluti þaks, þ.e.

einangrun, burðarvirki, loftræsting, vindvörn og ysta klæðning. Ástand innra þakstáls er ágætt og því ekki þörf á að gera nokkuð þar. Eins og hefur komið fram áður er algjör óvissa með ástand einangrunar m.t.t. þéttleika rakavarnarlags.


Þar sem klætt er með Pexi gleri þarf að vinna skv. lið nr. 3.2.1.

Sundurliðun kostnaðarmats:.

Málning, viðgerð, grunnur + 2 umferðir.

3.3.4.3 Stál:

Sundlaugarrými er á 3 hæðum, en gengið er inn í sundlaug frá kjallara. Gólf við sundlaug er u.þ.b. 1,8 m fyrir ofan kjallaragólf. Hægt er að ganga eftir svölum þar fyrir ofan við miðjukjarna. Við öll þessi hæðarskil eru handrið úr stáli, yfirborðsmeðhöndlað með málningu. Einnig er stálstigi milli hæða. Stál tærist í gegnum málningu en ekki er langt síðan allt stál var hreinsað og málað. Mikið er farið að sjá á stáli og einnig festingum en þar má sjá ryðtauma.



Allt stál, þ.e. handrið og stiga, þarf að taka niður, hreinsa og láta yfirborðsmeðmöndla s.s. heitgalvanhúðun. Útbúa skal þannig samsetningar að ekki þurfi að skerða húð við enduruppsetningu.

Sundurliðun kostnaðarmats:

- Taka niður handrið og stiga.
- Sandblástur og heitgalvanhúðun.
- Uppsetning, handrið.
- Uppsetning, stigar.

3.3.4.4 Loftræsting:

Í sundlaugarrými er mikill raki og eru komnar miklar rakaskemmdir á innréttingar, s.s. tæringar, mygla o.fl. Loftraki í sundlaugarrými er oft um og yfir 40% og innihiti um og undir 20°. Gera má ráð fyrir að hitastig á sundlaug sé um eða rétt undir 30° en mun meira á heitum pottum. Sé hafður meiri innihiti eru meiri rýmindi fyrir raka í lofti.

